

# Minnisblað

Til: Bæjarstjórnar  
Frá: Dagný Finnbjörnsdóttir  
Dags. 4. mars 2025  
Mnr. 2024030141



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - breyting á gjaldskrá íþróttamannvirkja

Á fundi skóla-, íþrótt- og tómstundanevndar þann 19. febrúar sl. var lögð fram tillaga um breytingu á gjaldskrá íþróttamannvirkja sem varðar afnot að líkamsrækt í eigu sveitarfélagsins.

Breytingin er sú að texta er bætt við gjaldskrá um afslátt ungmenna að líkamsræktarstöð og afsláttur fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja.

*Líkamsrækt á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri er í boði fyrir 16 ára og eldri. Veittur er 50% afsláttur fyrir börn 16 til 18 ára. Ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá 50% afslátt af aðgangi. Börn 15 ára og yngri er heimilt að vera frítt í líkamsrækt séu þau í fylgd forráðamanna.*

**Skóla-, íþrótt- og tómstundanevnd vísar breytingum á gjaldskrá íþróttahúsa 2025 til samþykktar hjá bæjarstjórn.**